

Greiðslur fyrir akstur í þágu vinnuveitanda

Kjarasamninganefnd Akureyrarbæjar hefur á fundi sínum samþykkt eftirfarandi leiðbeinandi verklagsreglur:

- Hjá Akureyrarbæ er greitt fyrir akstur starfsmanna á einkabifreiðum í þágu Akureyrarbæjar samkvæmt skráningu í akstursdagbók.
- Óheimilt er að gera samninga um fastar greiðslur fyrir akstur.
- Akstursdagbók ber að skila útfylltri undirritaðri af starfsmanni og staðfestri af yfirmanni fyrir einn mánuð í senn m.v. mánaðamót.

Ein til níu ferðir á mánuði:

- Ef um er að ræða samtals færri en tíu eknar ferðir í mánuðinum er heimilt að greiða sem nemur tíu kílómetrum fyrir hverja ferð eða greiða fyrir ekna kílómetra samkvæmt skráningu í akstursdagbók.
- Ef greiddir eru tíu kílómetrar fyrir hverja ferð er greidd staðgreiðsla af öllum akstursgreiðslum mánaðarins sem síðan er gerð grein fyrir við gerð skattframtals.
- Þegar valið er að skrá tíu kílómetra fyrir ferð skal skrá upphafstöðu kílómetramælis bifreiðar og samtals „ekna“ kílómetra í akstursdagbók en skilja eftir auðan reitinn fyrir lokastöðu mælis.

Tíu ferðir eða fleiri á mánuði:

- Ef um er að ræða fleiri en tíu ferðir mánaðarlega skal greiða fyrir allan akstur í mánuðinum samkvæmt skráningu í akstursdagbók.
- Ekki er greidd staðgreiðsla af akstri ef færð er akstursskýrsla þar sem hver ferð er skráð, dagsetning ferðar, upphafs- og lokastaða kílómetramælis bifreiðar, ekin vegalengd, aksturserindi o.fl., sjá form fyrir akstursdagbók.

Ferðir sem eru styttri en þrjú km:

- Ef um styttri vegalengdir er að ræða er heimilt að skrá hverja ferð
- þrjú kílómetra óháð heildarfjölda ferða í mánuði.
- Ef sú aðferð er valin er greidd staðgreiðsla af öllum akstursgreiðslum sem síðan er gerð grein fyrir við gerð skattframtals.
- Þegar valið er að skrá þrjú kílómetra fyrir ferð skal skrá upphafstöðu kílómetramælis bifreiðar og samtals „ekna“ kílómetra í akstursdagbók en skilja eftir auðan reitinn fyrir lokastöðu mælis.

Lengri ferðir:

- Ef um lengri ferðir innanlands er að ræða þá skal kanna kostnað við að taka bílaleigubíl í stað þess að nota eigin bifreið og velja ódýrari kostinn.
- Starfsmanni er heimilt að velja frekar að fara á eigin bifreið en þá skal greitt fyrir þann fjölda kílómetra sem er ígildi kostnaðar vegna notkunar á bílaleigubíl.

Form fyrir akstursdagbók og leiðbeiningar eru í starfsmannahandbók Akureyrarbæjar: <http://www.akureyri.is/starfsmannahandbok/kjaramal/ferdakostnadur>